

Nd.

8. Frumvarp til laga

[8. mál]

um sölu á prestssetursjörðinni Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, og húsunum nr. 15 við Tómasarhaga í Reykjavík, nr. 18 við Brekkugötu í Hafnarfirði og nr. 2 við Vesturbraut í Grindavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að bjóða til sölu og selja, ef viðunandi tilboð fást, eftirtaldar fasteignir ríkisins:

Prestssetursjörðina Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu.

Húseignina Tómasarhaga 15 í Reykjavík.

Húseignina Brekkugötu 18, Hafnarfirði.

Húseignina Vesturbraut 2, Grindavík.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Nýtt prestsseturshús er nú í smíðum fyrir Setbergsprestakall í Grundarfirði, og er það staðsett í kaптúninu í firðinum. Smíði hússins miðar vel áfram, og má búast við, að það verði fullgert á vetri komanda. Samkvæmt lögum nr. 38/1947 um skipulag og hýsingu prestssetra skal andvirði niðurlagðra prestssetra renna til smíði nýrra. Samkvæmt þessu er leitað heimildar til að selja nefnda jörð til að afla fjár til greiðslu á hluta af byggingarkostnaði hins nýja prestsseturs, svo sem nefnd lög gera ráð fyrir.

2. Í júlí 1967 voru fest kaup á húsinu nr. 75 við Bergstaðastræti í Reykjavík í því skyni að hafa þar biskupssetur til frambúðar. Núverandi biskupsbústaður var frá upphafi aðeins hugsaður sem bráðabirgðabústaður, og er nú leitað heimildar til að selja hann. Ætlunin er, að söluverðið renni til greiðslu á verulegum hluta af kaupverði hins nýja bústaðar.

3. Sóknarpresturinn í Hafnarfirði hefur farið fram á að fá keyptan embættisbústað þann, er hann býr í, en hús þetta byggði hann sjálfur á árunum 1940—1941 og seldi ríkissjóði 1942 fyrir kr. 30 000.00. Fyrir liggur tilboð frá honum sem hærra er en verð samkvæmt mati manna, er dómkvaddir voru til að meta gangverð eignarinnar á þessu ári. Samkvæmt þessu er leitað heimildar til að selja eignina nefndum sóknarpresti.

4. Nýtt prestssetur hefur verið reist í Grindavík, og er því leitað heimildar til að selja hið eldra prestssetur í því skyni að verja söluverðinu til að greiða hluta af andvirði hins nýja prestsseturs, sbr. lög nr. 38/1947.